

## Uppprentun.

Ed.

### **Frumvarp**

til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að gefa fyrirv. landshöfðingja Magnúsi Stephensen, Stkr. af Dbg, Dbm. p. p., Sighvati bankastjóra Bjarnasyni R. af Dbg, báðum til heimilis í Reykjavík, og herra Knud Skjold Philipsen í Kaupmanuahöfn einkaleyfi til stofnunar íslensks peningalotteris með skilyrðum þeim, sem nú skal greina:

- a. Lotterí hvers árs skiftist í 2 flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 50,000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera nema 6 drættir.
- b. Iðgjaldið til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 150 frankar. Auk þess skal leyfishöfum heimilað að heimta allt að 2% af iðgjaldinu. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta, þó má eigi skifta í smærri hluta en áttundir.
- c. Í hvorum flokki lotterisins eiga vinningarnir að nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutina í flokknum.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykkt af ráðherra Íslands, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli, og reglur um auglýsingu um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi, og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í þeirri mynt, sem ákveðin er í áætluninni.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna að hálfu til einkaleyfishafanna og að hálfu til landssjóðs Íslands.

- d. Drættirnir fara opinberlega fram í Kaupmannahöfn, og skal lotteríinu stjórn að þaðan undir eftirliti nefndar, sem konungur skipar til þess; skulu í henni sitja 6 menn, eigi færri Íslendingar en 3, og skulu að minsta kosti 2 af nefndarmönnum vera löglærðir menn, sem gengir eru í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram, eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með lotteríinu; kostnaðinn af þessu ber lotteríið.
- e. Einkaleyfið til að reka lotteríið má veita um allt að því 30 ár frá 1. desember 1912 að telja; þó getur ráðherra Íslands tekið leyfið aftur með eins árs fyrirvara, þegar lotteríið hefir verið rekið í 15 ár frá 1. desember 1912 og löggjafarvaldi Íslands þá þykir ástæða til.

Nú verður leyfið ekki notað innan 1. okt. 1913, og má ráðherra þá veita leyfið öðrum mönnum en þeim, sem nefndir eru í upphafi greinarinnar.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðherra, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi. Leyfishafar fyrirgera rjetti sínum, ef þeir gegna ekki skyldu sinni til greiðslu gjalda

þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til landssjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef tryggingarsjóðnum verður ekki viðhaldið, eða ef reglugerð sú er brotin af þeirra hendi, sem sett verður fyrir lotteriið.

- f. Einkaleyfishafarnir skulu greiða landssjóði Íslands gjald, er nemi 4% af iðgjöldunum fyrir hluti þá, sem seljast í hvorum flokki, þó ekki minna en 138000 franka á missiri.
- g. Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en lotteriið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldi fjárhæð, vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í þjóðbankanum í Kaupmannahöfn eða í Landsbanka Íslands, kjósi ráðherra það heldur.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, annaðhvort að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatryggingu, er ráðherra Íslands tekur gilda fyrir því, sem á vantar.

Ráðherra Íslands hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir landssjóðs hönd, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til.

Þá skulu leyfishafar og, áður en lotteriið tekur til starfa, setja landssjóði Íslands tryggingu, sem ráðherra tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði landssjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjaldsins.

- h. Ráðherra Íslands setur nánari ákvæði um fyrirkomulag lotterisins.

## 2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa, að selja megi á Íslandi alt að 1000 heila hluti í lotteriinu, á þann hátt, sem hann kveður nánar á um. Hluti í lotteriinu má ekki selja í Danmörku, nje í nýlendum Danmerkur.

## 3. gr.

Meðan einkaleyfi það til lotteris, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningalotteri fyrir Ísland, nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til landssjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir lotteri utan Danmerkur og nýlenda hennar, eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed.

### **193. Frumvarp**

til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

#### 1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að gefa fyrirv. landshöfðingja Magnúsi Stephensen, Stkr. af Dbg, Dbm. p. p., Sighvati bankastjóra Bjarnasyni R. af Dbg, báðum til heimilis í Reykjavík, og herra Knud Skjöld Philipsen í Kaupmanuahöfn einkaleyfi til stofnunar íslensks peningalotteris með skilyrðum þeim, sem nú skal greina:

- a. Lotterí hvers árs skiftist í 2 flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 50,000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera nema 6 drættir.
- b. Iðgjaldið til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 150 frankar. Auk þess skal leyfishöfum heimilað að heimta alt að 2% af iðgjaldinu. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta, þó má eigi skifta í smærri hluta en áttundir.

Auk þess skal leyfishöfum heimilað að heimta alt að 2% af iðgjaldinu.

- c. Í hvorum flokki lotterisins eiga vinningarnir að nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutina í flokknum.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykkt af ráðherra Íslands, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli, og reglur um auglýsingu um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi, og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í þeirri mynt, sem ákveðin er í áætluninni.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna að hálfu til einkaleyfishafanna og að hálfu til landssjóðs Íslands.

- d. Drættirnir fara opinberlega fram í Kaupmannahöfn, og skal lotteriinu stjórn að þaðan undir eftirliti nefndar, sem konungur skipar til þess; skulu í henni sitja 6 menn, eigi færri Íslendingar en 3, og skulu að minsta kosti 2 af nefndarmönnum vera löglærðir menn, sem gengir eru í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram, eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með lotteriinu; kostnaðinn af þessu ber lotterið.
- e. Einkaleyfið til að reka lotterið má veita um allt að því 30 ár frá 1. desember 1912 að telja; þó getur ráðherra Íslands tekið leyfið aftur með eins árs fyrirvara, þegar lotterið hefir verið rekið í 15 ár frá 1. desember 1912 og löggjafarvaldi Íslands þá þykir ástæða til.

Nú verður leyfið ekki notað innan 1. okt. 1913, og má ráðherra þá veita leyfið öðrum mönnum en þeim, sem nefndir eru í upphafi greinarinnar.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðherra, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi. Leyfishafar fyrirgera rjetti sínum, ef þeir gegna ekki skyldu sinni til greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til landssjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef tryggingarsjóðnum verður ekki viðhaldið, eða ef reglugerð sú er brotin af þeirra hendi, sem sett verður fyrir lotterið.

- f. Einkaleyfishafarnir skulu greiða landssjóði Íslands gjald, er nemi 4% af iðgjöldunum fyrir hluti þá, sem seljast í hvorum flokki, þó ekki minna en 138000 franka á missiri.
- g. Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en lotterið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð, vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í þjóðbankanum í Kaupmannahöfn eða í Landsbanka Íslands, kjósi ráðherra það heldur.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, annaðhvort að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatryggingu, er ráðherra Íslands tekur gilda fyrir því, sem á vantar.

Ráðherra Íslands hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir landssjóðs hönd, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til.

Þá skulu leyfishafar og, áður en lotterið tekur til starfa, setja landssjóði Íslands tryggingu, sem ráðherra tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði landsjóði skilvislega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjaldsins.

h. Ráðherra Íslands setur nánari ákvæði um fyrirkomulag lotterísins.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa, að selja megi á Íslandi allt að 1000 heila hluti í lotteríinu, á þann hátt, sem hann kveður nánar á um. Hluti í lotteríinu má ekki selja í Danmörku, nje í nýlendum Danmerkur.

3. gr.

Meðan einkaleyfi það til lotterís, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningalotteri fyrir Ísland, nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til landssjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir lotterí utan Danmerkur og nýlenda hennar, eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild stjórnartíðindanna.